

Fundargerð 149. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 16. apríl 2024

Fundurinn haldinn á sveitarstjórnarskrifstofu Múlaþings og hófst kl. 11:45.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (á Teams), Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Puríður Lillý Sigurðardóttir, Sæunn Stefánsdóttir (á Teams) og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (á Teams). Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, fundarritari.

Mætt frá Múlaþingi: Auk fulltrúa SSA, sem jafnframt eru fulltrúar sveitarfélagsins, voru viðstödd Björn Ingimarsson (sveitarstjóri), Hildur Þórisdóttir, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Ívar Karl Hafliðason, Einar Freyr Guðmundsson, Þröstur Jónsson, Eypór Stefánsson og Jónína Brynjólfssdóttir.

- Fundargerð stjórnarfundar [nr. 148](#) til kynningar.**
- Fundur með sveitarstjórnarfulltrúum og sveitastjóra Múlaþings**
 - Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Berglind Harpa (formaður byggðaráðs) fóru yfir helstu mál sem brenna á sveitarfélaginu s.s. samgöngumál, heilbrigðismál, málefni flugvallarins, ofanflóðavarnir og fleira. Í framhaldinu voru almennar umræður um helstu hagsmunamál Múlaþings og Austurlands.
- Helstu verkefni Austurbrúar - skýrsla framkvæmdastjóra**
 - Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar frá síðasta stjórnarfundi m.a. vinnuferð nokkurra starfsmanna til Svíþjóðar, nýafstaðinn ársfundur StarfA, stöðu sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar og frá fundi með bæjarráði Fjarðabyggðar.
 - Farið yfir næstu verkefni m.a. ný dagsetning fundar um skíðasvæðin (29. apríl), starfsmannadagur Austurbrúar, nýsköpunarhraðalinn Austanátt. Þá voru stjórnarmenn minntir á fund Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum 22. apríl.
- Drög að ársreikningi Austurbrúar til kynningar**
 - Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson, endurskoðendur hjá KPMG, kynntu drögin fyrir stjórn og svöruðu fyrirspurnum stjórnarmanna. Endanlegur ársreikningur kynntur á næsta stjórnarfundi 17. maí.

Fleiri mál voru ekki rædd. Fundi slitið kl. 14:00.

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Sæunn Stefánsdóttir

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir